

## REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar  
nr. 151 4. mars 1975.

1. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Hæstu lögleyfðir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 25. ágúst 1983.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## SAMÞYKKT

um stjórn hreppsmálefna Blönduóshrepps.

I. KAFLI

Um skipun hreppsnefndar og verkefna hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Blönduóshrepps skal skipuð sjö hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Hreppsnefnd er almennt í fyrirsvari fyrir Blönduóshrepp og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni hreppsins, til lykta ráðið án umsagnar hreppsnefndar.

Hreppsnefnd ber að gæta hagsmuna hreppsins í hvívetna og annast þau viðfangsefni sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum svo og málefni sem henni eru fengin í samþykktum er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hreppsnefndar eru þessi:

a. Hreppsnefnd fer með yfirstjórn á fjárreiðum hreppsins.

- 1) Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld hreppsins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. b-lið og ennfremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
- 2) Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn hreppsins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins og/eða hreppsstofnana eða með annarri ákvörðun hreppsins. Ennfremur að eignir hreppsins séu tryggilega varðveittar.